



Jafnréttisstefna UMFG

Ungmennafélag Grindavíkur leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið veitir öllum börnum og unglingum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni eða litarhætti. Laun þjálfara á barna- og unglingsviði taka mið af menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálf.

Laun taka einnig mið af markaðnum og lúta lögmáli um framboð og eftirspurn. Ungmennafélag Grindavíkur leggur ríka áherslu á jafnrétti kynja hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið leggur mikið kapp í að veita öllum börnum og unglingum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni eða litarhætti.

Helstu áherslur í jafnréttismálum hjá UMFG eru:

- Að jafnréttis sé gætt við úthlutun tíma og aðstöðu til beggja kynja.
- Að börn og unglingar njóti þess að vera á jafngóðum tíma dagsins á æfingu óháð kyni.
- Að iðkendur af báðum kynjum njóti sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Að samræmi sé í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum.
- Að umfjöllun um starf iðkenda sé jöfn hjá kynjum eftir aldri.
- Að sjá til þess að fyrirmyndir séu kynntar á ígrundaðan hátt og gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.
- Að vinna markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.
- Að verðlaun til beggja kynja innan allra greina séu sambærileg eftir aldri.
- Að gæta þess að kynin njóti sömu grunnauna og hlunninda fyrir sambærileg störf hjá félaginu.

Ungmennafélag Grindavíkur leggur áherslu á að:

- Að allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri
- Að þjálfarar beggja kynja séu menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðþjálfara ef þess er þörf
- Að þjálfarar og starfsfólk félagsins njóta sömu grunnauna fyrir sambærileg störf óháð kyni
- Að bjóða þjálfurum félagsins sömu tækifæri óháð kyni til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi
- Að að ráða ekki fólk til starfa eftir kyni heldur eftir hæfni
- Að starfsfólk félagsins hafi sömu tækifæri, óháð kyni til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi



Jafnréttisstefna UMFG nær til iðkenda, þjálfara, stjórna, sjálfbóðaliða og alla þá sem koma að starfinu fyrir félagið. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins og er endurskoðuð og lafgærð er þurfa þykir. Reglulega verður gerð úttekt á stefnunni og farið yfir markmið hennar og stöðu helstu þátta.

Aðgerðaráætlun

1. Ungmennafélag Grindavíkur gætir jafnréttis við úthlutun tíma, aðstöðu og fjármagns

	Markmið	Mæling	Tímasetning	Ábyrgð	Eftirfylgd
1.1	Félagið úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á "jafngóðum" tíma dagsins.	Úttekt á tímatöflum	Í upphafi hverrar annar	Yfirþjálfarar	Framkvæmdastjóri
1.2	Bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.	Úttekt á aðstöðu og aðbúnaði	Í upphafi hverrar annar	Yfirþjálfarar	Framkvæmdastjóri
1.3	Samræmi sé í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.	Samanburður á fjárveitingum til greina og niður á kyn	Tvisvar á ári	Framkvæmdastjóri	Aðalstjórn



2. UMFG gætir jafnréttis í allri umfjöllun á vefsíðu/í fjölmiðlum og í öllu efni sem félagið lætur frá sér.

	Markmið	Mæling	Tímasetning	Ábyrgð	Eftirfylgd
2.1	Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.	Úttekt á öllu útgefnu efni og efni á vefsíðum út frá kyni, íþróttgreinum og aldri.	Tvisvar á ári og úttekt á vefsíðum nái til viku í senn	Íþróttafulltrúi	Framkvæmdastjóri
2.2	Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.	Úttekt á áherslum félagsins og hvernig fyrirmyndirnar hafi verið kynntar	Einu sinni á ári	Íþróttafulltrúi	Framkvæmdastjóri
2.3	Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.	Stöðumat og í kjölfarið tillögur að úrbótum ef þurfa þykir.	Einu sinni á ári	Íþróttafulltrúi	Framkvæmdastjóri



3.UMFG gætir jafnræðis við úthlutun úr afrekssjóðum og við formlegar verðlaunaafhendingar

	Markmið	Mæling	Tímasetning	Ábyrgð á mælingu	Eftirfylgd
3.1	Verðlaun til beggja kynja og innan allra greina eru sambærileg. Félagið upplýsir kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu félagsins að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.	Úttekt einu sinni á ári á formlegum verðlaunaafhendingum félagsins	Einu sinni á ári	Framkvæmdastjóri	Aðalstjórn
3.2	Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá félaginu.	Jafnréttisúttekt á launum/ hlunnindum úr bókhaldi	Einu sinni á ári	Framkvæmdastjóri	Aðalstjórn
3.3	Upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri sem jöfnust hjá félaginu við úthlutun úr afrekssjóðum	Jafnréttisúttekt á upphæðum úr bókhaldi	Einu sinni á ári	Framkvæmdastjóri	Aðalstjórn



4. UMFG veitir konum og körlum jafna möguleika

Markmið	Mæling	Tímasetning	Ábyrgð á mælingu	Eftirfylgd
4.1 Þjálfarar félagsins njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf	jafnréttisúttekt á launum úr bókhaldi.	Einu sinni á ári	Framkvæmdastjóri	Stjórn
4.2 Þjálfarar félagsins hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.	Úttekt á menntun þjálfara út frá ráðninga-samningum	Einu sinni á ári	Íþróttafulltúi	Framkvæmdastjóri
4.3 Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum félagsins er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall annars kynsins ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.	Úttekt á hlutfalli kynja í öllum stjórnnum félagsins	Einu sinni á ári	Íþróttafulltúi	Framkvæmdastjóri
4.4 Á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að bæði konur og karlar komi fram fyrir hönd félagsins.	úttekt eins og með fyrirmyndir	Einu sinni á ári	Íþróttafulltúi	Framkvæmdastjóri
4.5 Kynjahlutfall starfsfólks á skrifstofu og í íþróttamannvirkjum félagsins sé sem jafnast.	Úttekt á hlutfalli kynja	Einu sinni á ári	Íþróttafulltúi	Framkvæmdastjóri



4.6	Starfsfólk félagsins njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.	Jafnréttisúttekt á launum úr bókhaldi	Einu sinni á ári	Framkvæmdastjóri	Stjórn
4.7	Starfsfólk félagsins hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.	Úttekt á menntun starfsfólks út frá ráðningasamningum einu sinni á ári.	Einu sinni á ári	Íþróttafulltrúi	Framkvæmdastjóri